

Fjölbrautaskólarnir:

SAMRÆMT FYRIR-KOMULAG OG INNIHALD NÁMS

Þrjú fjölbrautaskólar, Fjölbrautaskólinn á Akranesi, Fjölbrautaskóli Suðurnesja og Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, hafa gefið út sameiginlegan Námsvísi og þar með samræmt fyrirkomulag og innihald náms á stöðunum öllum.

Skólarnir starfa allir eftir áfangakerfi og samræmingin felur það í sér að nú eru námsvið og námsbrautir í skólunum öllum eins uppbyggð og námsáfangar skilgreindir á sama hátt. Það þýðir að nemendur skólanna geta farið óhindrað á milli þeirra og fá nám á einum stað-

um metið að fullu á öðrum.

Frá upphafi hefur mikil og nán samvinna átt sér stað milli þessara þriggja skóla, þótt um algjöra samræmingu hafi ekki verið að ræða fyrir en nú. Samræmingarstarfið hefur tekið talsverðan tíma og meðan á því stóð hafa ýmsir aðrir skólar sýnt því áhuga, þannig að Námsvísirinn nýi verður notaður allmiklu víðar en í skólunum þremur, þar á meðal í framhaldsdeildum á Vesturlandi og á Austfjörðum og í Garðaskóla í Garðabæ.

-GAJ-

Heimkoma eiginkvenna skipverja á Bjarti á Neskaupstað:

FRAMVÍSUÐU STRAX ÖLLUM TOLLSKYLDUM VARNINGI

— ekkert smygl var í skipinu

„Við komu togarans framvísuðu skipverjar ákveðnum hlutum sem tollar voru lagðir á,“ sagði Böðvar Bragason bæjarfógeti á Neskaupstað í viðtali við DB í gær.

Tílefnið var frétt blaðsins sl. miðvikudag þess efnis að togarinn Bjartur hefði farið í söluferð til Bretlands fyrir jólin og tíu eiginkonur skipverja, sem

fóru með, gert þar mikil innkaup. Var sú frétt höfð eftir brezku blaði.

Sagði Böðvar að fólkíð hefði að fyrri bragði framvísað hlutum og við tollskoðun hefði komið í ljós að ekkert tollskyld umfram það var í skipinu.

Er hann var spurður hvort mikill varningur hefði verið í skipinu sagðist

hann ekki hafa gögnin alveg við höndina en ekki hefði það verið umtalsvert.

Þess má að lokum geta, eins og reyndar kom fram í fyrri fréttinni, að ferð Bjarts með eiginkonur skipverja er ekkert einsdæmi innan flotans og bæta má við að Bjartur hefur ekki farið í söluferð í fjögur ár.

-G.S.

Seiðkarlinn með svarta kassann

Maður stendur úti á götu í glaða sólskini. Ímynd hans smýgur gegnum kúpta linsu og fellur á ljósnæma ræmu. Ljósmynd hefur verið tekin. Hvers mjög sem ljósmyndarinn reynir að færa til eða skrumskæla þá gengur ofangreind atburðarás fyrir sig næstum sjálfkrafa. Ljósmyndin virðist sanna að eitthvað hafi skeð — að maðurinn hafi í raun og veru staðið þar sem hann stóð. Að því leyti er ljósmyndun ólík öllum öðrum greinum sem fást við gerð eftirmynda. Hún kemur nefnilega á næstum yfirnáttúrulegu (og aldagömlu) sambandi milli manns og myndar. Við vitum það öll hve erfitt okkur reynist stundum að rífa í tætlur ljósmyndir af nánum vinum eða ættingjum. Ljósmyndin er töfragripur sem er ekki bara „eins“ og fyrirmyndin, svipað og málverk, heldur er hún hluti af fyrirmyndinni og kannski gegnir sama hlutverki og galdralikön seiðkarla í frumstæðum löndum. Með henni er hægt að „eignast“ fyrirmyndina, ná taki á henni.

Við erum ljósmyndaskynslóðin og við rekumst á ljósmyndir hvert sem við förum. Við litum ekki bara á ljósmyndina sem eftirmynd heldur er hún eins og hver annar hlutur. Ljósmyndin er jafnvel farin að kenna okkur að sjá. Þessu fylgja ýmsar hættur. Þegar myndir breytast þá höldum við að einhverjar breytingar hafi átt sér stað í þjóðfélaginu. Kannski höldum við líka að það sé hið eina sanna frelsi að fá að sjá myndir af því sem við viljum. Aðrar hættur mætti nefna: ljósmyndin býr til falska mynd af því sem er að gerast í heiminum og sömuleiðis

um saman og sýningin er sett upp undir titlinum „Á leið í paradís“ og skipt niður í deildir eftir efni. Óneitanlega minnir þetta fyrirkomulag á hina miklu sýningu Steichens, The Family of Man, en þar sem Steichen reyndi að fara bil beggja og nota ljósmyndina bæði sem listaverk og þjóðfélagslega heimild þá undirstrika þeir Sternmenn fyrst og fremst heimildagildi ljósmynda sinna. Þetta er kannski ágætt því ekki er verið að þröngva upp á okkur listrænum skilgreiningum á meðan. Góð ljósmynd er eins konar list, mikil ósköp — en hún er fyrst og fremst ljósmynd. Og „góð“ er hún kannski vegna þess að hún segir okkur eitthvað nýtt og eftirminnilegt um

Merkilegt nokk, þá halda þeir því fram að þær mörgu myndir sem lýsa eynd og volæði manna víða um heim séu andhverfa sem í raun renni stöðum undir þeirra „argument“ — með því að sýna hve langt mannkynið sé frá paradís. Hér renna á mig tvær grimur, því svona lógik skil ég ekki. Ég held að nær hefði verið að hleypa þessari sýningu af stökkunum með þeim formerkjum einum að hún sýndi hegðan mannfólksins víða um heim á því herrans ári 1973, punktur.


Og það gerir hún sannarlega. Þar koma deildarskiptingar sýningarinnar að gagni og hinir ýmsu flokkar verða stundum eins og heillegir og skáldlegir bálkar, þrátt fyrir það að ljósmyndar-



Myndir af sýningunni.

arnir séu dreifðir um alla jarðkringluna. Það hefur tekist nokkuð vel að koma henni fyrir í vestursal Kjarvalsstaða og niðurskurður myndanna virðist ekki skemma heildina. Þó finnst mér margar myndanna nokkuð sjúskadað eftir

langt ferðalag og yfir þær hefur verið lög einhverslags plasthúð sem í sumum tilfellum skemmir fyrir. Ekki er nokkur leið að telja upp uppáhaldsmyndir í þessum mikla fjölda. Vil ég aðeins hvetja alla — ljósmyndara, persónufræðinga og áhugamenn um mannlíf yfirleitt — að sækja þessa sýningu og kennarar ættu einnig að labba með þekki þangað.



Myndlist

ADALSTEINN INGÓLFSSON



getur ljósmyndin verið tæki í höndum ein- og skrifræðis. Þessum brotalönum ljósmyndarinnar hefur bandaríska skáldkonan Susan Sontag lýst skilmerkilega í bók sinni, On Photography, sem nánar verður rætt um síðar.

Tílefni þessa formála er að sjálf-sögðu ljósmyndasýning á vegum félagsins Germaníu að Kjarvalsstöðum, þar sem um 300 ljósmyndir víða úr heimi eru til sýnis. Þýska tímaritið Stern hefur safnað þessum mynd-

mannlífið. En í eðli sinu er ljósmyndin hlutlaus miðill.

Stern vill með þessari sýningu lýsa einhvers konar þróun og í sýningar-skrá, sem er vönduð bók, er því haldið fram fullum fetum, að hún sýni fram á að mannkynið sé smátt og smátt að fikra sig í átt að nýjum og betri heimi, nýju frelsi, ergo: „Á leið í paradís“. Ég held að ekki þurfi maður að vera forfallinn bölsýnismaður til að efast um að mannkynið sé á leið fram á við eins og þeir Sternmenn halda.

Loðfóðruð leðurstígvél nýkomin

<p>Litur: Natur Stærðir: 37-41 Verð kr. 19.500.-</p>	<p>Litur: Natur Stærðir: 36-40 Verð kr. 19.000.-</p>	<p>Litur: Rauðbrúnt rúskinn Stærðir: 37-41 Verð kr. 19.500.-</p>
---	---	---

Skóbúðin Snorrabraut 38 — Sími 14190
Lipurta, Hafnargötu, Keflavík